

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:
28. maí 2020

Gildistaka:
28. maí 2020

RS: 5/2020
Kemur í stað RS: 2/2020

Efni: Brot gegn umferðarlögum nr. 77/2019. Samræmi í málsmeðferð.

I Ákvörðun sekta og svipting ökuréttar við samspil ölvunar- og fikniefnaakstursbrota:

Þegar um það er að ræða að ökumaður er **samtímis** undir áhrifum áfengis og fikniefna (concursum idealis) telur ríkissaksóknari rétt að honum sé gerð sekt hvort tveggja fyrir ölvunar- og fikniefnaakstur, sbr. 98. gr umferðarlaga nr. 77/2019, en að honum sé á hinn bóginn aðeins gerð **ein svipting** og að miða skuli sviptinguna við hvort ölvunareða fikniefnaaksturinn eigi að leiða til lengri sviptingar. Þessi afstaða ríkissaksóknara varðandi ökuréttarsviptingar byggir á dómafordæmum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 335/2008 og 222/2015.

Þegar ákvarða þarf ökumanni refsingu og viðurlög samtímis fyrir **fleiri en eitt** ölvunar- og/eða fikniefnaakstursbrot, án þess að brotin séu framin samtímis í einum og sama verknaðinum, telur ríkissaksóknari rétt að honum sé gerð sekt fyrir hvert og eitt brotanna, sbr. 98. gr umferðarlaga nr. 77/2019, og að honum sé gerð **ein einföld svipting fyrir það brot sem leiðir til lengstu sviptingarinnar og að auki hálf svipting fyrir hvert það brot sem umfram er**. Þessi afstaða ríkissaksóknara varðandi ökuréttarsviptingar byggir á dómafordæmum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 335/2008, 9/2009 og 298/2013.

Þar til reglugerð um vanhæfismörk hefur tekið gildi, sbr. 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga, telur ríkissaksóknari að breyttu breytanda sömu sjónarmið geta átt við þegar um er að ræða ákvörðun sviptingar ökuréttar við **samspil ölvunar-, fikniefna- og/eða lyfjaaksturs**. Í því samhengi má minna á að ekki er um að ræða ítrekunaráhrif milli 2. mgr. 48. gr. annars vegar og 49. gr. og 50. gr. hins vegar, sbr. 7. mgr. 101. gr. umferðarlaganna og dóm Hæstaréttar í máli nr. 9/2009.

II Ákvörðun refsingar þegar um er að ræða a.m.k. aðra ítrekun ölvunar- eða fikniefnaaksturs og sviptingarakturs, þ.e. brot gegn 49. eða 50. gr. og 1. mgr. 58. gr. umfl.

Ríkissaksóknari telur rétt, með hliðsjón af dómafordæmum Hæstaréttar, sjá einkum dóma í málum nr. 162/2006, 178/2009, 571/2011 og 720/2014, að full refsing komi fyrir bæði brotin. Ekki hefur verið um samræmda framkvæmd að ræða hjá ákærendum hvað þetta varðar, þ.e. sumir hafa talið að helminga ætti refsinguna fyrir annað brotið.

Dæmi:

- 49. gr./50. gr. = 30 dagar og 58. gr. = 30 dagar => alls 60 dagar. Rétt
- 49. gr./50. gr. = 30 dagar og 58. gr. = 15 dagar => alls 45 dagar. Rangt

III Tiltaka skal í ákæru magn áfengis og fikniefna, sem mæld hafa verið í blóði eða útöndunarlofti ökumanns:

Ríkissaksóknari óskar þess að ákærendur tilgreini í ákærutexta það magn áfengis og/eða fikniefna (**öll efni**) sem mæld hafa verið í blóði eða útöndunarlofti ökumanns. Slík tilgreining eykur skýrleika ákærunnar og felur auk þess í sér mikið hagræði fyrir dómara og ákærendur hjá ríkissaksóknara sem fara yfir dóma héraðsdóms.

IV Lyfjaakstur, sbr. 2. mgr. 48. gr. umfl. – Ákvörðun viðurlaga:

Sekt og svipting ökuréttar skal ákvarðast eins og sekt og svipting vegna brota gegn 50. gr. þegar um lítið magn er að ræða, í dag **kr. 100.000 og svipting í 6 mánuði**.

V Taka þvagsýna og viðurlög við að neita að gefa lögreglu þvagsýni:

Að mati ríkissaksóknara hefur lögregla heimild til að taka þvagsýni ef ótvírætt samþykki sakbornings liggur fyrir, sbr. 4. mgr. 52. gr. umfl. Rétt er að um samþykkið sé bókað í skýrslu sem sakborningur undirritar eða yfirlýsing sakbornings þar um sé tekin upp. Hins vegar er ekki lengur refsivert að vera með fikniefni í þvagi við akstur skv. nýjum umferðarlögum og telur ríkissaksóknari að eftir gildistöku laga nr. 77/2019 eigi taka þvagsýna að heyra til undantekninga og einskorðast að meginstefnu til við þau tilvik þar sem grunur er um akstur undir áhrifum og **lögregla hefur ekki staðið sakborning að akstri**. Telja verður að í slíkum tilvikum séu þvagsýni mikilvæg sönnunargögn ekki síst þegar sakborningur ber því við að hafa neytt áfengis eða fikniefna eftir að akstri lauk. Neiti sakborningur við þessar aðstæður að gefa þvagsýni telur ríkissaksóknari rétt að beita hann sektum og sviptingu ökuréttar sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 101. gr. umfl. **Ekki verði beitt viðurlögum í öðrum tilvikum þegar sakborningur neitar að gefa þvagsýni**.

VI Sektir lögaðila/flytjanda vegna brota á umferðarlögum sem varða aksturs- og hvíldatíma og notkun ökurita:

Með hliðsjón af ákvæði 19. gr. c. almennra hegningarlaga og athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum 66/2006, telur ríkissaksóknari ljóst að um hlutlæga refsíabýrgð flytjanda/lögaðila sé að ræða og að **heimilt sé að gera lögaðila sekt/sendu sektarboð fyrir brot gegn ákvæðum 1. mgr. 55. gr., 1. mgr. 56. gr. og 92. gr. umferðarlaga** ef uppfyllt er það skilyrði að brotið hafi annaðhvort orðið til hagsbóta fyrir flytjanda eða getað orðið til hagsbóta fyrir hann, sem er nú yfirlétt raunin. Þá liggur það almennt ljóst fyrir í þessum málum að um sök (ásetning eða gáleysi) er að ræða af hálfu einhvers á vegum lögaðilans, sbr. áskilnað 19. gr. c. almennra hegningarlaga.

VII Sektir lögreglu og meðalhófsreglan:

Lögregla skal ávallt gefa sakborningi kost á að **undirgangast sekt hjá lögreglu (vettvangssekt, sektarboð, sektargerð) áður en ákvörðun er tekin um útgáfu ákæru**. Gildir þá einu hvort viðkomandi játaði brot sitt skýlaust á vettvangi eður ei. Staðfesting á að sakborningi hafi verið gefinn kostur á að undirgangast sekt hjá lögreglu fyrir útgáfu ákæru skal liggja fyrir í hverju máli.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari